

**Nr. 021 / 11 Goðafoss****Skipverji strandar í Noregi**

IMO.nr. 9086796  
Smíðaður: Frederikshavn Danmark 1995, stál  
Stærð: 14.664 BT  
Mesta lengd: 165,60 m  
Breidd: 28,60 m Dýpt: 8,95 m  
Vél: MAN B&W 7S60MC 14.800 kW, 1995  
Fjöldi skipverja: 14

**Gögn:**  
Slysaskrá frá skipi  
Gögn RNS



Goðafoss©Hilmar Snorrason

Málið afgreitt á fundi xx 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 17. febrúar 2011 var Goðafoss á siglingu frá Fredrikstad í Noregi til Helsingborg. Veður: NA gola og gott skyggni. Djúprista fr.: 6,0 m og aft.: 7,40 m

Lóðsinn var nýfarinn frá borði og sett hafði verið á ferð þegar skipið strandaði við Kvernskærgrunni í Óslófirði kl. 19:52 á stað, 59°02'45N og 010°58'37A. Talsverðar skemmdir urðu á botni skipsins og um 50 tonn af olíu fór í sjóinn sem orsakaði mengun á svæðinu.



Goðafoss á strandstað. Myndin er frá norsku strandgæslunni

*Rannsóknaraðilar í Noregi (AIBN) og fánaríki skipsins, Antigua and Barbuda fóru með rannsókn málsins í samstarfi við RNS.*

*Skýrsla rannsóknaraðila í Noregi (AIBN) vegna strands Goðafoss má sækja á ensku á PDF formi á vefsíðu RNS, [www.rns.is](http://www.rns.is) en einnig má finna hana á heimasíðu þeirra, [www.aibn.no](http://www.aibn.no)*